**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

| **Nafn og kt. rekstraraðila:** | **Dags. eftirlits:** | **Staðsetning stöðvar:** | **Starfsleyfisflokkur:** |
|---|---|---|---|
| Verið vísindagarðar<br>Kt. 500169-4359 | 23. 11. 2016 | Háeyri 1<br>Sauðárkrókur | 4 |
| **Tengiliður:**<br>Soizic Le Deuff | **Netfang:**<br>soizic@mail.holar.is | **Sími:**<br>894 8251 | **Gerð stöðvar:**<br>Landeldi |
| **Gildistími starfsleyfis:**<br>18.12.2024 | **Kvittun afhend:**<br>Já | **Viðstaddir eftirlit:**<br>Soizic Le Deuff / Dagur Þór Baldvinsson | **Fulltrúi heilbrigðiseftirlits:**<br>Enginn |

| **Starfssemi** | **Já / Í lagi** | **Nei / Ekki í lagi** | **Á ekki við** | **Athugasemdir:** |
|---|---|---|---|---|
| Er umfang í samræmi við starfsleyfi? | x | | | Ótilgreind starsemi.<br><br>Tilraunaeldi á vegum Háskólans á Hólum. Í stöðinni voru lax, bleikja og hrognkelsi (seiði). Meðal lífmassi í stöðinni er um 825 kg. |
| Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti?<br><br>Áætlaðar breytingar? | | | x | Fyrsta eftirlit UST/MAST<br><br>Engar breytingar eru fyrirhugaðar |
| Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi). | x | | | Allar tilraunir eru skráðar í handbækur. Mælingar, fóðurgjöf og magn úrgangs er í flestum tilvikum einnig skráð. |
| Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí? | | | x | Á ekki við |
| Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí? | | | x | Á ekki við |
| Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir til staðar? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, | | x | | Áhættumat og viðbragðsáætlun er ekki til staðar en rekstraraðili hefur fengið sendar leiðbeiningar varðandi áætlunina. Verður áhættumatið og viðbragðsáætlunin sent til |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar) | | | | eftirlitsaðila um leið og það er tilbúið. |
| Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður? | | | x | Á ekki við |
| Er trygging vegna bráðamengunar í gildi? | x | | | Þar sem losað er í sjó þarf að vera til staðar trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda. Verið er að skoða á þessu ákvæði þar sem ríkisstofnanir kaupa ekki tryggingu skv. þessu ákvæði. |
| Er neyðaráætlun til staðar? | | x | | Neyðaráætlun er ekki til staðar en leiðbeiningar hafa verið sendar rekstraraðila og verður áætlunin send eftirlitsaðila um leið og hún er tilbúin. |

| **Umhverfi** | **Já / Í lagi** | **Nei / Ekki í lagi** | **Á ekki við** | **Athugasemdir:** |
|---|---|---|---|---|
| Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi? | | | x | Á ekki við |
| Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki? | x | | | Klukkufóðrun og góðar upplýsingar varðandi fóðurmagn og fóðurgerðir. |
| Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?<br><br>Mælingar eða útreikningar?<br><br>Síðustu mælingar? | | x | | Mælingar á frárennsli hafa ekki verið framkvæmdar en rekstraraðili ætlar að framkvæma þær á næstu vikum. |
| Ástand frárennslis (landeldi).<br>Eru set eða útfellingar?<br>Olía eða froða?<br>Sorp eða aðrir aðskotahlutir?<br>Hitaupgufun frá frárennsli? | x | | | Lokað frárennsli, liggur beint út í sjó. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Er óeðlileg lykt?<br>Er fiskur í frárennsli? | | | | |
| Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síjun, settjörn, tromlur, oþh.<br>Leið frárennslis frá keri að viðtaka. | x | | | Trommlusía var við stærstu kerin en annað frárennsli fer óhreinsað út í sjó. Þó er sigti á kerunum sem tekur við stærstu ögnunum og fer það í förgun. |
| Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór). | x | | | Sjá fyrri lið |
| Umhverfi sjókvía. Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með?<br>Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu? | | | x | Á ekki við |
| Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka. | | x | | Ekkert eftirlit er með vatnsgæðum í viðtaka en rekstraraðili tekur sýni úr frárennsli á næstu vikum. |
| Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi? | | | x | Á ekki við |
| Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar? | | | x | Á ekki við |
| Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð? | | | x | Á ekki við |
| Meðhöndlun úrgangs og spiliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks? | x | | | Flokkað er í helstu úrgangsflokka og fer það allt í sorpsöfnun sveitarfélagsins. |
| Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi? | | x | | Sjá fyrri lið. |
| Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar. | | | x | Ekki er gerð krafa í starfsleyfi um að niðurstöður mælinga skuli sendar rekstraraðila en þær þurfa að vera aðgengilegar eftirlitsaðila í eftirliti. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á. | | | x | Á ekki við |
| Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?<br><br>Er það skv. starfsleyfi?<br><br>Hver sér um mælingarnar? | | | | Mælingar eru áætlaðar á næstu vikum. |

| **Niðurstöður síðasta eftirlits:**<br><br>Fyrsta eftirlit UST/MAST til rekstraraðila | |
|---|---|
| **Samantekt:** | Um mjög litla rannsóknarstöð er að ræða og magn fiskjar í stöðinni við eftirlit var mjög lítið, aðallega seiði í tilraunaeldi. Búnaður leit vel út og svæðið var snyrtilegt á að líta. |
| **Frávik** | Engin frávik komu fram við eftirlit |
| **Athugasemdir** | Athugasemdir eru gerðar við að niðurstöður mælinga á frárennslisvatni voru ekki aðgengilegar eftirlitsaðila í eftirlitinu. Einnig er gerð athugasemd um að neyðaráætlun, tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda og áhættumat og viðbragðsáætlun hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila. Rekstraraðili hefur fengið sendar leiðbeiningar varðandi áætlanirnar og sendir eftirlitsaðila um leið og þær eru tilbúnar. Tryggingar v. bráðamengunar eru í skoðun hjá UST. |
| **Annað** | |

*Undirskrift eftirlitsmanns:* G. Stella Árnadóttir

# EFTIRLITSSKÝRSLA

**Háskólinn á Hólum   Verið Vísindagarðar**

UMHVERFISSTOFNUN

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 23.11.2016 | **Ábyrgðarmaður eftirlits** | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| **Fyrirtæki** | Háskólinn á Hólum | **Eftirlitsmaður** | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| **Heimili** | Háeyri 1 | **Tegund eftirlits** | Framselt eftirlit |
| **Kennitala** | 500169-4359 | **Flokkur** | Fiskeldi |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Soizic Le Deuff | **ÍSAT nr.** | 03.21.0 |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Dagur Þór Baldvinsson | **Staðsetning** | |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en tvær athugasemdir voru gerðar varðandi að niðurstöður mælinga voru ekki aðgengilegar eftirlitsaðila og áætlanir og tryggingar v. bráðamengunar hafs og stranda eru ekki til staðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Aðstaðan í verinu var skoðuð.

Um mjög litla rannsóknarstöð er að ræða og magn fiskjar í stöðinni við eftirlit var mjög lítið, aðallega seiði í tilraunaeldi. Búnaður leit vel út og svæðið var snyrtilegt á að líta.

## ATHUGASEMDIR

Athugasemdir eru gerðar við að niðurstöður mælinga á frárennslisvatni voru ekki aðgengilegar eftirlitsaðila í eftirlitinu. Einnig er gerð athugasemd um að neyðaráætlun, tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda og áhættumat og viðbragðsáætlun hefur ekki verið skilað til eftirlitsaðila.

## ANNAÐ

Skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit og reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun skal rekstraraðili vinna vöktunaráætlun fyrir svæðið í samráði við Umhverfisstofnun. Skráningar og niðurstöður vöktunar eiga að vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Einnig skal rekstraraðili vinna neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar, áhættumat og viðbragðsáætlun þar sem tekið er á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp.

Skv. starfsskilyrðum frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra ber rekstraraðila að halda dagbók um framleiðslumagn á hverjum stað atvik er varða mengunarvarnir og áhrif á umhverfi og kvartanir og/eða athugasemdir sem berast. Skal eftirlitsaðili hafa aðgang að þeirri dagbók.

12.12.2016

Guðbjörg Stella Árnadóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.